

## GÆÐAVIÐMIÐ FA OG SAMSTARFSADILA

Þegar borin eru saman viðhorf og framkvæmd varðandi námsmat kemur í ljós að nokkur munur er á þeim viðhorfum sem tíðkast í formlega skólakerfinu og þeim viðhorfum sem hafa verið ríkjandi um námsmat í fullorðinsfræðslu og þá sérstaklega í ýmiss konar starfstengdu námi og vinnustaðanámi. Fróðlegt getur verið að bera saman mismunandi viðhorf til námsmats bæði hvað varðar eðli þess og framkvæmd.

Hér að framan er grein um námsmat sem miðast við framkvæmd þess í framhaldsskólum og svo birtum við hér kafla um námsmat úr Gæðaviðmiðum FA og samstarfsaðila (sjá [www.frae.is](http://www.frae.is)) sem gæti varpað nokkru ljósi á í hverju viðhorfamunurinn felst.

### ÚR GÆÐAVIÐMIÐUM

#### 1. Tilgangur og gildissvið

Tilgangurinn er að skilgreina lágmarksviðmið um það hvornig árangur nemenda er metinn og skráður. Þetta vinnuferli gildir fyrir allt nám samkvæmt námsskrám FA.

Markmiðið er að tryggja að árangur námsmanna sé hafður í fyrirrúmi og að markmið úr námsskrám stýri áherslum námsins en að einnig sé lögð rækt við persónuleg markmið hvers og eins.

#### 2. Ábyrgð

Leiðbeinendur bera ábyrgð á því að meta og skrá árangur námsmanna. Forstöðumenn bera ábyrgð á að því að skráðum upplýsingum sé haldið til haga og að þær séu aðgengilegar.

#### 3. Framkvæmd

Markmið náms eru skýrt skilgreind í hverri námsskrá og skal stefnt að þeim í öllu námsferlinu.

Námsmenn skulu þó einnig hvattir til að setja sér sín eigin námsmarkmið sem ýmist geta náð lengra eða skemur en námsskrá segir til um.

Leiðbeinandinn gefur fræðsluaðila upplýsingar um hverjir ná markmiðum námsskrár (nr. 1c) en honum ber einnig að skrá hversu vel námsmönnum tókst að ná persónulegum markmiðum sínum.

Eftirfarandi þætti þarf að hafa í huga við mat á árangri fræðslu:

- Að árangur námsmanna sé metinn án þess að nota hefðbundin próf.
- Fjölbreytni í mati
- Eðli mats: Stöðumat, símat, lokamat
- Hver metur: Sjálfsmat, jafningjamat, mat leiðbeinanda, vinnustaðamat
- Tilhögun:
- Viðbrögð námsmanna við náminu
- Þekking, færni, yfirsýn á námstímanum,
- Þekking og færni á vinnustað,
- aukin starfsfærni,
- beinn ávinningur (ROI)
- Matið mæli rétt, það sem því er ætlað að mæla
- Matið gegni því hlutverki að vera:
- Staðfesting fyrir námsmann, fræðsluaðila, vinnustaði á gagnsemi náms
- Örvun til frekara náms
- Að metnir séu þættir sem sanna gildi fræðslunnar. Í starfsfræðslu er aukin færni yfirleitt það sem að er stefnt með námi og er oft metin í breyttum viðhorfum, meiri hraða, auknum afköstum, flóknari verkefnum, aukinni ábyrgð og jafnvel betra gengi í launum og virðingu.

#### 4. Tilvísanir

- Upplýsingar frá leiðbeinenda til fræðsluaðila, 1c.
- Varðveisla og skráning gagna, 1d.
- Upplýsingastreymi til námsmanna, 2c.